Samgöngustofa

Ármúla 2
108 Reykjavík
Sími 480 6000
samgongustofa.is

Til notenda loftrýmisins og hagaðila

Reykjavík, 27. október 2022
Tilv.:2206704 / HHó

Efni: Samráð vegna beiðni um takmarkanir á flugi yfir friðlandi Látrabjargs

Samgöngustofu hefur borist beiðni frá Umhverfisstofnun um að settar verið takmarkanir á flug yfir friðlandi Látrabjargs til verndar fuglalífi. Umhverfisstofnun setur fram eftirfarandi tillögu:

„Allt flug innan 3000 feta hæðar yfir hæstu brúnum friðlandsins er óheimilt á tímabilinu 1.apríl–30. september. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar og annarra stofnana sem sinna lögbundum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.“

Mörk friðlandsins má sjá á vef Umhverfisstofnunar (https://ust.is/library/sida/Nattura/Latrabjarg_kort.jpg). Frekari upplýsingar og rök fyrir beiðni UST má sjá í fylgiskjali.

Samgöngustofa kallar hér með eftir athugasemdum frá notendum loftrýmis og öðrum hagaðilum gagnvart því að skilgreint verði, og auglýst í Flugmálahandbók – AIP, haftasvæði flugs í samræmi við beiðni Umhverfisstofnunar.

Frestur til athugasemda er veittur til 21. nóvember nk. Vinsamlegast sendið athugasemdir á samgongustofa@samgongustofa.is.

Virðingarfyllst
Hrói Hólm

Fylgiskjöl: Bréf UST um takmarkanir á flugi við Látrabjarg, dagsett 9. júní 2022.